

## Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um  
fjölkerfameðferð við hegðunarvanda.

Frá Halldóru Mogensen.

1. Hver er árlegur kostnaður Barnaverndarstofu vegna fjölkerfameðferðar fyrir fjölskyldur barna sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda á mörgum sviðum (MST-meðferðar, e. *multisystemic therapy*)? Svar óskast sundurliðað eftir árum frá árinu 2010 þar til nú.
2. Hvernig skiptist kostnaðurinn? Hversu stór hluti kostnaðar er greiddur til erlendra fyrir-tækja vegna leyfa fyrir notkun á MST-meðferð?
3. Hvaða aðferðafræði er notuð við mælingu á árangri MST-meðferðar?
4. Hversu mörg börn sem stríða einungis við hegðunarvanda hafa notið MST-meðferðar? Hver hefur árangurinn verið í þeim tilfellum?
5. Hversu mörg börn með fíknivanda hafa notið MST-meðferðar? Hver hefur árangurinn verið í þeim tilfellum?
6. Hversu mörg börn sem hafa farið í áfengis- og vímuefnameðferð á meðferðarheimili hafa notið MST-meðferðar áður?
7. Hafa einhver börn farið í áfengis- og vímuefnameðferð á meðferðarheimili án þess að hafa áður notið MST-meðferðar? Ef svo er, hversu mörg börn voru það?

Skriflegt svar óskast.